Nóvember 2024

# Hvatarblaðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fundargerðir | Sveitarstjórn<br>578. fundur | Sveitarstjórn<br>579. fundur | |

## Árshátíð Kerhólsskóla 14. nóvember kl. 14:30 í Félagsheimilinu Borg

### Kerhólsskóli kynnir leiksýninguna Emil í Kattholti

Miðaverð er 1500 kr og frítt fyrir 14 ára og yngri (að sjálfsögðu frítt fyrir alla nemendur skólans). Allur ágóði rennur í ferðasjóð unglingadeildar. Veitingar eftir sýningu í boði foreldra.

Öll hjartanlega velkomin

ERU ALLIR
BIRGIR
fyrir þorrablót
31. janúar 2025
Pokaball, kveðja, nefndin :)

# Halloween

# Halloween

# Halloween

Starfsfólk kertasmiðjunna á Sólheimum óskar eftir ORA niðursuðudósum. Þeim má koma á Grænu könnuna sem er opin 11 til 16 alla daga.

# JÞ Verk
# Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM
Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

**JÞ Verk**

# Bókasafn / Library
## Grímsnes- og Grafningshrepps

## Opnunartímar í nóvember / Opening hours in november:

| | |
|---|---|
| Mánudaga / Mondays | Kl. 15:00 - 17:00 |
| Miðvikudaga / Wednesdays | Kl. 15:30 - 16:30 |

## Kvöldopnun / Evening hours:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtud. / Thursday | 7. nóv. | kl. 19:30 - 21:30 | Kvöldopnun |
| Þriðjud. / Tuesday | 12. nóv. | kl. 19:30 - 21:30 | Handverkskvöld |
| Fimmtud. / Thursday | 14. nóv. | kl. 19:30 - 21:30 | Kvöldopnun |
| Þriðjud. / Tuesday | 26. nóv. | kl. 19:30 - 21:30 | Opið hús 60+ |

Athugið að vegna framkvæmda þarf að ganga undir tengibrú á milli stjórnsýsluhúss og skólabyggingar og beygja til hægri til þess að komast á bókasafnið.

Öll velkomin :)

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

# GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

# VERSLUNIN VALA

## OPNUNARTÍMI
## GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU

**ALLA DAGA**

**11:00 TIL 16:00**

**MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00**

## VERIÐ VELKOMIN Á SÓLHEIMA

# Grímsnes- og Grafningshreppur

## Sumaropnun

**Sumaropnunartími gámastöðvarinnar**
**Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst**

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokað | 13-16 | Lokað | 13-16 | 13-16 | 10-16 | Lokað |

## Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar**
**Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokað | 13-15 | Lokað | 13-15 | Lokað | 13-16 | Lokað |

**Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.**

**Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.**

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS**
**ALLAN SÓLARHRINGINN**

# Dagatal
# Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

Nóvember — *Jólabingó*

Nóv/des — *Jólafundur*

***Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.***

# Jóla Bingó

## Kvenfélags Grímsneshrepps

**Verður haldið**
**sunnudaginn 24. nóvember**
**í Félagsheimilinu Borg**

Allur ágóði rennur til Sjóðsins góða.



# Megum við hóa í þig?

Við hjá Landsvirkjun viljum komast í samband við minni fyrirtæki, einyrkja eða einstaklinga sem gætu tekið að sér ýmis verkefni með skömmum fyrirvara á athafnasvæðum okkar á Suðurlandi.

**Skráðu þig á lista yfir verktaka sem við skoðum þegar verkefni bjóðast!**

**Allar upplýsingar og skráning á**
landsvirkjun.is/verktakar-oskast

Landsvirkjun

FRÉTTABRÉF FRÁ LANDSVIRKJUN Á SOGSSVÆÐI

# Fjörugt sumar að baki

Það var heldur betur líf og fjör á Sogssvæðinu í sumar. Hátt í 40 ungmenni, flest úr nærsamfélaginu, lífguðu upp á starfsemina og sinntu umhirðu umhverfis, viðhaldi og ýmsum öðrum verkum í og við aflstöðvarnar. Þetta var duglegur og skemmtilegur hópur sem við þökkum kærlega fyrir vel unnin störf og ánægjulega samveru.

Auk ungmennanna voru sex háskóla- og iðnnemar við störf í virkjununum, nokkrir þeirra í gegnum samvinnu Landsvirkjunar og Fjölbrautaskólans á Suðurlandi.

## Gestkvæmt í Ljósafossi

Aðsókn að Ljósafossvelli, frisbígolfvellinum sem vígður var í lok júní, hefur verið góð í sumar en um 3.000 manns hafa sótt völlinn heim. Fjölmörg mót hafa verið haldin, en auk þess hefur umferð annarra gesta verið talsverð. Völlurinn er uppbyggður, sem auðveldar notkun hans að vetri til. Við hvetjum alla til að njóta vallarins áfram á komandi mánuðum.

Það er alltaf gaman að taka á móti gestum úr nærsamfélaginu og í sumar og haust höfum við m.a. fengið heimsóknir frá nemendum Menntaskólans á Laugarvatni og Reykholtsskóla. Þá var orkusýningin í Ljósafossi einkar vel sótt í sumar, en ríflega 6.000 gestir heiðruðu okkur með nærveru sinni. Við þökkum þeim kærlega fyrir komuna.

## Kalt sumar og lág vatnsstaða

Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá mörgum að vatnsstaða í lónum Landsvirkjunar hefur verið með lakasta móti að undanförnu, þrátt fyrir talsverða úrkomu í byggð. Skýrist þetta einkum af því hve kalt sumarið var, sem dró úr bráðnun jökla, auk þess sem úrkoman náði ekki eins mikið upp á hálendið og ætla hefði mátt. Stöðvarnar þrjár í Soginu, Steingrímsstöð, Ljósafossstöð og Írafossstöð, búa vel að því hve vatnsrennsli í gegnum þær er stöðugt, en engu að síður verður starfsfólk þeirra vart við lægri vatnsstöðu en áður. Þannig er grunnvatnsstaða sögulega lág, og því mikilvægt að nýta vel allt vatn sem rennur um aflstöðvarnar.

## Ljósifoss skartaði sínu fegursta

Eitt af því sem við leggjum áherslu á hjá Landsvirkjun er gott viðhald og eftirlit með vélum. Fyrir utan daglegt eftirlit og rekstur er hver vél stöðvuð í þrjá daga á hverju ári til að sinna viðhaldi, en að auki eru lengri stopp á þriggja, sex og tólf ára fresti.

Vél 2 í Ljósafossvirkjun er einmitt í tólf ára skoðun í október og nóvember. Þá er vélin stöðvuð í þrjár vikur, vatnstæmd og skoðuð nákvæmlega. Allt starfsfólk Sogssvæðisins, auk annarra innan fyrirtækisins, kemur að þessari vinnu, enda tækifærið nýtt til endurbóta á svæðum sem ekki er hægt að komast að á meðan vél er í rekstri. Ein af afleiðingum vélastopps í Ljósafossi er að hleypa þarf vatni fram hjá vélunum og Ljósifoss var því sýnilegur og skartaði sínu fegursta á meðan.

Landsvirkjun

# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN

# Borg

# vetraropnun

Frá 18. ágúst 2024

**Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30**

**Föstudaga Lokað**

**Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00**

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

| | |
|---|---|
| RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS<br>LINDA SVERRISDÓTTIR | ÁBYRGÐARMAÐUR<br>ÞORLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR |
| Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is | https://www.gogg.is/ |